

Nd.

6. Frumvarp til laga

um togarakaup ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smiða eða kaupa allt að 30 togara erlendis með það fyrir augum, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 60 millj. króna lán, er greiðist upp, er skipin hafa verið sold.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a :

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinna, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um togarakaup ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að með því að eitt af aðalatriðum í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar sé að hlutast til um, að nýir togarar verði keyptir til landsins, þá hafi farið fram ýtarlegar athuganir á þessu máli,

bæði innan lands og utan. Þessar athuganir hafi leitt í ljós, að öruggasta leiðin til þess að fá togara byggða erlendis fljótt og með hagkvæmustu kjörum sé, að ríkisstjórnin gerist aðili að væntanlegum samningum um togara-smiðina. Jafnframt sé nauðsynlegt að hefjast handa nú þegar um þær samningagerðir.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé á því að semja um smiði togara nú þegar, gef ég út bráðahirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrá- innar, á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smiða eða kaupa allt að 30 togara erlendis með það fyrir augum, að þeir verði sellir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 60 millj. króna lán, er greiðist upp, er skipin hafa verið sold.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. ágúst 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.